

INNGANGUR

Páll Marvin Jónsson, framkvæmdastjóri
Þekkingarseturs Vestmannaeyja

Þátttaka atvinnulífsins í rannsóknum og nýsköpun í sjávarútvegi

8. maí 2009



Kæru ráðastefnugestir.

Ég vill byrja á því að bjóða ykkur hjartanlega velkomin, það er ánægjulegt að sjá hvað margir hafa séð sér fært um að mæta af meginlandinu. Sumir hverjir hafa þurft að fara um langan veg sem kannski undirstrikar mikilvægi viðfangsefnis ráðstefnunnar.

Eins og fram kemur í dagskránni þá er ég framkvæmdastjóri Þekkingarseturs Vestmannaeyja og kem ég hér upp sem fulltrúi skipuleggjenda ráðstefnunnar. Áður en að hin eiginlega dagskrá hefst, langar mig því aðeins til að segja ykkur frá Þekkingarsetrinu og starfsemi þess sem þar fer fram.

Í Þekkingarsetrinu eru starfandi í allt tíu stofnanir og fyrirtæki og sjö þeirra koma með einum eða öðrum hætti að rannsóknum, nýsköpun og vöruþróun í tengslum við Sjávarútveginn. Verkefni sem unnin eru í Setrinu eru mörg og fjölbreytt og telst mér svo til að í dag séu alls 50 verkefni, stór og smá í vinnslu hjá stofnunum Setursins. Í dag eru starfandi um 20 starfsmenn í Þekkingarsetrinu og ef áætlanir ganga eftir þá ætti þeim að fjölga verulega í sumar og haust, bæði með tilkomu sumarstarfsmanna og fastra starfsmanna hjá hinum ýmsu rannsóknastofnunum.

Þekkingarsetrið, í góðri samvinnu við Vestmannaeyjabæ er í dag að undirbúa stækkun á aðstöðunni að Strandvegi 50 og jafnframt að vinna að uppsetningu á Sjávarrannsóknarmiðstöð í 400 fm húsrými í aðeins um 100 m fjarlægð frá Setrinu.

Hugmyndafræðin á bak við Þekkingarsetrið snýst um samstarf og samvinnu. Eitt helsta markmiðið er að skapa samstarfs vettvang fyrir vísindamenn hinna ýmsu stofnanna og fyrirtækja sem sjá sér hag í því að starfa í Vestmannaeyjum, í nánum tengslum við sjávarútveginn og þá þekkingu og reynslu sem býr í Eyjamönnum.

Verkefni dagsins í dag snýst einmitt um samstarf, samstarf vísindamanna og sjómanna, sjávarútvegsins og rannsóknarstofnanna. Viðfangsefnið hefur á undanförunum árum fengið aukna athygli enda miklir hagsmunir í húfi. Markmiðið hér í dag er að leiða saman fulltrúa atvinnulífsins og fulltrúa rannsókn- og eftirlitsstofnanna í þeim tilgangi að ræða möguleika til frekara samstarfs. Samstarfs sem getur leitt til markvissari vinnubragða, við rannsóknir, við eftirlit, við stjórnun veiða og ekki síst við veiðar og vinnslu.

Þeir aðilar sem koma hér upp í pontu í dag hafa allir mikla reynslu í sínu fagi og eru mótandi fyrir fagið í heild. Skoðanir þessara aðila og hugmyndir að lausnum eru ekki endilega alltaf þær sömu en við erum líklega öll sammála um endamarkið, þ.e. að hámarka arðsemi sjávarauðlinda umhverfis landið um ókomna framtíð.

Við sem stöndum að þessari ráðstefnu vonumst eftir snörpum umræðum og skoðanaskiptum hér í dag. Hreiðar Þór Valtýsson, forstöðumaður Sjávarútvegsmiðstöðvarinnar á Akureyri mun stjórna umræðum og sjá til þess að þær hugmyndir eða tillögur sem koma fram á ráðstefnunni komist til skila.

Ég ætla ekki að hafa þennan inngang lengri að þessu sinni enda okkur ekki lengur til setunnar boðið og um leið og ég þakka fyrir mig afhendi ég Arnari Sigurmundssyni stjórnartaumana en hann mun sjá um fundarstjórnun í dag af sinni alkunnu snilld.